

# KVENNALISTINN FLOKKUR HINNA HREINU MEYJA

Það var Guðrún Helgadóttir, þingmaður Alþýðubandalagsins, sem á sínum tíma létt þau orð falla að Kvennalistinn væri flokkur hinna hreinu meyja. Sem vænta mátti voru ekki allar Kvennalistakonur par hrifnar af þessum ummælum Guðrúnar en þau fela engu að síður í sér mikinn sannleik.

Kvennalistinn komst á laggirnar árið 1983 og í tíu ár hefur flokkurinn starfað sem einhvers konar grásrótahreyfing. Það hefur verið lögð áhersla á að starfa öðruvísi en aðrir stjórnmálaflokkar, Kvennalistinn hefur sett það á oddinn að vera foringjalaus og koma alltaf fram sem sameinað af. Enginn innri ágreiningur hefur mætt koma upp á yfirborðið.

Nú er þetta að breytast og Kvennalistakonur viðurkenna að ekki sé hægt að reka stjórnmálaflokk án skipulags. Eitt stendur þó óhagað: Karlmönnum er bannað að taka sæti á framboðslistum Kvennalistans og einn viðmælandi blaðsins sagði þetta skýlaust brot á jafnréttislögunum enda hefði þessi yngsti flokkur á Alþingi verið þar utanveltu frá upphafi og uppskriftin brugðist í aðalatriðum. Ágreiningurinn um EES væri bara upphafið að því að flokkurinn færí annaðhvort í far fjórflokkanna eða splundraðist ella.

Undanfari þess að Kvennalistinn komst á laggirnar var sá að fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 1982 var stofnað til kvennaframboðs í Reykjavík og á Akureyri. Þetta framboð fékk two fulltrúa á hvorum stað. Landssamtök um kvennalisti fylgdu í kjölfarið árið eftir og síðan hefur Kvennalistinn

TEXTI: SÆMUNDUR GUÐVINSSON

starfað með sínum sérstaka hætti. Þar hefur aldrei verið kosinn formaður heldur hefur petta átt að vera breiðfylking án foringja.



Kristín Halldórsdóttir. Dugleg og glögg en skipt út.

engin kona má hafa meiri völd en önnur. Enda er það svo að þingkonur flokksins hafa nauðugar viljugar þurft að axla byrðar forystunnar í hinum ýmsu málum.



Sigríður Dúna. Hrakin úr flokki og af þingi fyrir hjónabandið.



Kristín Einarsdóttir. Lætur minna á sér bera en vinnur vel.

## PINGKONUR Í FORYSTUHLUTVERKI

Með þetta i huga er ákaflega erfitt að tala eða skrifa um það með hvaða hætti konur komast til valda í Kvennalistanum þar sem



Ingibjörg Sólrun. Að mörgu leyti í forystu. Hugrökkt og styrk.

Það er svo komið að það eru þær sem taka ákvarðanir hverju sinni í þingflokknum og því má með réttu halda því fram að völd fámennis séu meiri í Kvennalistanum en nokkrum öðrum flokki.

Því gætir vaxandi þreytu í röðum hinna almennu Kvennalistakvenna sem hafa í vaxandi mæli orðið fyrir því hlutskipti að vera bara áhorfendur að pólitískum ákvörðunum sem tekna eru á þingflokkfundum. Hvað sem segja má um virkt lýðræði innan fjórflokkanna eru þó í þeim öllum starfandi ráð og nefndir utan þings sem taka þátt í að móta stefnu í einstökum málum og hafa því mikil áhrif á ákvarðanir þingflokkanna.

Fram til þessa hafa Kvennalistakonur ekki viljað axla þá ábyrgð að eiga þátt í myndun ríkisstjórnana. Þær eru flokkur hinna hreinu meyja sem aldrei hafa verið spjallaðar af ábyrgð vegna óvinsælla aðgerða ríkisstjórnana. Þó brá svo við eftir síðustu kosningar að konurnar sögðust reiðubúnar til að setjast í ríkisstjórn þrátt fyrir andstöðu við álver og EES. Það reyndi síðan aldrei á þetta boð þeirra sem kunnugt er.

## GUÐRÚN OG SIGRÍÐUR DÚNA

„Ég er hætt að skipta mér af Kvennalistanum en vil þó ekki vera að gagnrýna hann opinberlega. En skipulag flokksins eða öllu heldur skipulagsleysi hefur valdið honum miklu tjóni,“ sagði kona sem á sínum tíma starfaði mikil með Kvennalistanum. Og hún hélt áfram:

„Það er tóm vitleysa að alltaf skuli skipta um þingkonur á miðju kjörtímabili og þetta veikir flokkinn í augum kjósenda. Guðrún Agnarsdóttir var til dæmis mjög hæfur þingmaður og hún átti sér fylgismenn langt fyrir utan Kvennalistann. Sameið segja um Sigríði Dúnu en hún var ekki

# Í STJÓRNMÁLAFLOKKUM?

aðeins hrakin af þingi heldur einnig úr baráttuhópi flokksins eftir að hún giftist Friðriki Sophusssyni. Þessar tvær konur stóðu að mörgu leyti upp úr sökum menntunar, hæfni og aðlaðandi framkomu. Þá var Kristín Hall-dórsdóttir að mörgu leyti ákaf-lega duglegur og glöggur þingmaður. Við verðum líka að gá að því að það eru ekki allir sem kjósa flokk. Margir eru líka að kjósa fólk i kosningum til Alþingis og sveitarstjórn. Hefðu þessar þjár konur, sem ég nefndi, fengið að starfa áfram á þingi er ég sannfærð um að þær hefðu get-að náð fylgi út fyrir flokkinn," sagði þessi viðmælandi blaðsins.

## FIMM Á ÞINGI

Í alþingiskosningunum 1983 fékk Kvennalistinn sjö þúsund atkvæði og þrjú þingsæti. Í kosningunum 1987 fékk flokkurinn rúm fimm tónum þúsund atkvæði og sex þingsæti en í síðustu kosningum þrettán þúsund atkvæði og fimm þingsæti. Þær sem nú skipa þessi þingsæti eru: Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrun Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirs dóttir og Kristín Einarssdóttir. Kynsystir þeirra, sem situr á Alþingi fyrir annan stjórnarflokkinn, sagði meðal annars þetta um þinglið Kvennalistans:

„Þetta eru ágætis konur og þingmenn hver á sinn hátt. Ingibjörg Sólrun er þó að mörgu leyti í forstu fyrir þessum hópi enda hafði hún öðlast reynslu á vettvangi borgarmála þegar hún sat í borgarstjórn. Þá hefur hún sýnt hugrekki og styrk með því að taka sjálftæða afstöðu til aðildar okkar að EES. Þá hljóp Kristín Ástgeirs dóttir þingfloksformaður á sig þegar hún rauk upp og hót-aði að kalla inn varamann fyrir Ingibjorgu Sólrunu í utanríkis-þálanefnd. Það kom líka á daginn á landsfundi Kvennalistans að Ingibjörg Sólrun á sér marga fylgismenn í floknum í þessu mál. Jóna Valgerður er valkyrja að vestan sem berst fyrst og fremst fyrir hagsmunum byggðarlaganna þar Enda studdi hún ekki tillögur fiskifráðinga um

þáðingu á aflaheimildum þótt þingmenn flokksins úr Reykjavík gerðu það. Anna Ólafsdóttir Björnsson er þessi mjúka típa sem bó getur sýnt af sér talsverða ákveðni og krafðist til dæmis utandagskrárumræðu á þingi um atvinnumál á Suðurnesum. Kristín Einarssdóttir lætur minna á sér bera en vinnur vel.

Gallinn er bara sá að Kvenna-listinn hefur engar formlegar flokksstofnanir og þess vegna vantar þingflokkinn nauðsynlegan bakhjarl í ýmsum málum. Þess vegna virðast þingmenn Kvennalistans oft ekki vita í hvorn fótinn þær eiga að stíga í ýmsum málum og vilja bæði vera með og á móti. Þegar á heildina er litið hefur samt Kvennalistinn haft talsverð bein og óbein áhrif á Alþingi og það er ekki nema gott að sjónarmið kvenna komist að. Hins vegar er ógjörningur að meta öll mál út frá sjónarmiðum kvenna og barna fyrst og fremst eins og þeim hættir til. Við verðum að starfa fyrir þjóðarheildina framar öllu. Það reyna flokkarnir líka að gera. Ef við þurfum sérstakan kvennaflokk þurfum við þá ekki líka flokk fatlaðra, ör-hentra eða sköllöttra," sagði þessi þingmaður.

## GENGUR EKKI UPP TIL LENGDAR

Á landsfundi Samtaka um kvennalista, sem haldinn var í lok október síðastliðinn, leyndi sér ekki að mikil og megn óánaðgjá var ríkjandi meðal landsfundarfulltrúa vegna þess hve óskipulagður Kvennalistinn er. Í fram-

haldi af þessu var meðal annars samþykkt að stofna svonefnda þankabanka og aðgerðaráð. Þankabankarnir eiga að annast málefnavinnu og stefnumótun samtakanna. Mörgum landsfundarfulltrúum fannst einnig sem mun minni umræða væri um mál-efni kvenna innan samtakanna en áður. Margs konar önnur gagnrýni kom fram á fundinum. Það var óneitanlega svolitið neyðarlegt fyrir Kvennalistann að bjóða fréttamönnum sérstaklega að sitja landsfundinn sem fram fór á Laugarvatni en reka þá svo á dyr þegar í ljós kom að bullandi ágreiningur var um ýmis mál. Hinrar hreinu meyjar vildu áfram halda þeirri ímynd að þar væru öll ágreiningsmál leyst með góðu og Kvennalistinn væri flokkur samheldni inn á við sem út á við.

„Ég er farin að halda að þetta gangi ekki upp hjá okkur til lengdar. Það er svo margt að gerast í þjóðfélaginu sem klýfur flokka og samtök og auðvitað leiðir þetta inn í Kvennalistann. Við getum ekki heldur verið öllu lengur stikkfríar á Alþingi og látið nægja að halda þar uppi gagrýni á allt og alla. Við þurfum að ná samstöðu við konur úr öðrum stjórnála-flokkum um ýmis mál ef vel á að

vera. Á sínum tíma var ætlast til þess að flokkurinn yrði lagður niður þegar hans væri ekki lengur þörf. Það hefur margt þokast í rétta átt í málefnum kvenna og þar hefur Kvennalistinn lagt hönd á plóginn en ég held að það gangi ekki öllu lengur að halda úti svona flokki þar sem engin á að hafa völd umfram aðra.

Allir stjórnálaflokkar, öll fé-lagasamtök, sækjast eftir ster-kum foringja sem leiðir liðið. Við getum ekki haldið áfram svona foringjalausrar og það eru mistök að skipta þingmönnum alltaf út á miðju kjörtímabili og í raun hálf-gerð svík við kjósendur. Fylgi flokksins stendur í stað og ég óttast að það dragi frekar úr því en hitt. Það er kominn tími til að bylta floknum eða hætta þessu," sagði einn landsfundarfulltrúa í samtali við blaðið og bætti við: „En mundu að okkur ber að koma fram sameinaðar út á við og þess vegna máttu ekki nefna mig á nafn.“

Við þetta er raunar fáu að bæta. Konur komast ekki til valda innan Kvennalistans með einum né öðrum hætti. Valddreifingin er svo mikil að þetta virðist vera valdalaus flokkur, innan þings sem utan. □

## ■ Það var óneitanlega svolitið neyðarlegt fyrir Kvennalistann að bjóða fréttamönnum

sérstaklega að sitja landsfundinn sem fram fór á Laugarvatni en reka þá svo á dyr þegar í ljós kom að bullandi ágreiningur var um ýmis mál.

Hinar hreinu meyjar vildu áfram halda þeirri ímynd að þar væru öll ágreiningsmál leyst með góðu og Kvennalistinn væri flokkur samheldni inn á við sem út á við.

